

**62. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stílholti 16-18,  
15. maí 2017 og hófst hann kl. 16:15**

**Fundinn sátu:**

Einar Brandsson formaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Þór Þórðarson varamaður, Karitas Jónsdóttir varaáheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Hafdís Sigurbórsdóttir fulltrúi og Sindri Birgisson garðyrkjustjóri.

**Fundargerð ritaði:** Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1610040 - Lóðaleigusamningar - útrunnir**

Endurnýjun lóðaleigusamninga við Hjarðarholt 14, 16 og 18, Brekkubraut 27 og 29, Vesturgötu 150, 160, 162 og 164 og Vallholt 15.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að endurnýja ofangreinda samninga til 50 ára.*

**2. 1703187 - Akursbraut 17 - fyrirspurn til byggingarfulltrúa**

Fyrirspurn um viðbyggingu og endurnýjun hússins.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að grenndarkynnt verði samkvæmt 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/201, fyrir eigendum fasteigna við Suðurgötu nr. 40, 42, 46, 48, 50a og Akursbraut 15.*

**3. 1702037 - Styrkir til viðhalds fasteigna - 2017**

Farið yfir umsóknir um styrki.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að vísa tillögu byggingarfulltrúa að úthlutun styrkja til bæjarráðs.*

*Ekki er hægt að verða við beiðni fasteignaeigenda Kirkjubrautar 15 um viðhaldsstyrki, þar sem það svæði var styrkhæft 2015 en ekki 2017.*

**4. 1704141 - Stígur meðfram Ketilsflöt inn við Garðalund**

Kynning á áætlaðri framkvæmd á stíg við Ketilsflöt.

*Kynntur var stígur við Ketilsflöt. Mikilvægt er að samfelld gönguleið sé að Garðalundi og golfvelli. Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að bjóða út verkið á grunni framlagðra gagna.*

EB

**5. 1607058 - Akraneshöll - nýtt gervigras**

Minnisblað.

Tilboð í gervigras í Akraneshöll voru opnuð 19. apríl 2017, eftirfarandi tilboð bárust:

*Astro Turf / Lano kr. 67.968.558 Tilboðsblað ekki rétt útfyllt*

*Laidorz / Juta kr. 37.540.120*

*Metatron / Polytan 1 kr. 38.045.000*

*Metatron / Polytan 2 kr. 39.299.000*

*Metatron / Polytan 3 kr. 42.112.000*

*Metatron / Polytan 4 kr. 42.555.000*

*My Turf DDGrass kr. 38.900.000 Tilboðsblað ekki rétt útfyllt*

*My Turf Sportisca kt. 49.900.000 Tilboðsblað ekki rétt útfyllt*

*Altís / Edel 1 kr. 38.134.000*

*Altís / Edel 2 kr. 40.934.000*

*Altís / Edel 3 kr. 39.134.000*

*Altís / Edel 4 kr. 36.834.000*

*Fyrir liggur minnisblað frá Peter Jessen ráðgjafa og Bjarka Sveinssyni hrl. Þar er lagt til að að tekið verði tilboði frá Metatron / Polytan 1, þar sem það uppfylli skilyrði útboðsgagna. Tvö tilboð voru hinsvegar lægri en þau uppfylla ekki skilyrði útboðsgagna sbr. ofangreint minnisblað.*

*Sviðsstjóra falið að fara í viðræður við Metatron varðandi framkvæmd verkefnisins.*

**6. 1705089 - Akraneshöll - lýsing**

*Fyrir liggur dagsett minnisblað frá LISKA um endurnýjun á ljósabúnaði í Akraneshöll.*

*Þar er lagt til að skipt verði um núverandi lampa og sett upp LED lýsing.*

*Skipulags- og umhverfisráð tekur undir niðurstöðu ofangreinds minnisblaðs og felur sviðsstjóra að fá verð í verkið.*

**7. 1705090 - Deilisk. Golfvöllur - félags- og frístundaaðstaða við Garðavöll**

*Tillaga að breytingu á deiliskipulagi golfvallarins. Gert er ráð fyrir að núverandi hús á byggingarreit A (Garðavöllur 1) verði rifin og reist verði frístundamiðstöð 650m<sup>2</sup> að grunnfleti og 300m<sup>2</sup> kjallara. Nýtingarhlutfall verður 0,42 í stað 0,30.*

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að fram fari grenndarkynning í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynna á fyrir fasteignaeigendum við Jörundarholt 39, 41, 43, 45, 46, 141, 232, 230, 223, 226, 224, 218, 220, 222, 212, 210, 208, 206, 204, 202, 200, 198, 196, 194, 192, 190, 188, 186, 184, 182 og 180.*

EB

**8. 1701179 - Þjóðvegur Borgarholt - nafnabreyting Borgarholt**

Fyrirspurn Ingu Óskar um að fella niður "Þjóðvegur" fyrir framan Borgarholt.

Skipulags- og umhverfiráð samþykkir að fella niður heitið "Þjóðvegur" fyrir framan heiti eftirfarandi lóða: Þjóðvegur / Einhamar 2, Þjóðvegur / Borgarholt og Þjóðvegur (Akurprýði)13, ef íbúar óska eftir því.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:55.**

Eira Þorvaldur  
Sveinfríður  
Kristín Sigurgeirsdóttir  
Valgerður S. J.  
Keritas Jónsdóttir  
Stefán P. Steindósson  
Sig. P. H.  
Hafþór Sig. rit